

## FRÉTTATILKYNNING

21.2.2006



### Sýningarverkefni um síðnýlenduhyggju í fimm hlutum

1. hluti: Reykjavík, Íslandi, 24. mars – 16. apríl, 2006
2. hluti: Nuuk, Grænlandi, 21. apríl – 14. maí, 2006
3. hluti: Þórshöfn, Færeyjum, 12. maí – 4. júní, 2006
4. hluti: Rovaniemi, Sápmi/Finnlandi, 16. júní – 9. júlí, 2006
5. hluti: Útgáfa á DVD diskasetti í Kaupmannahöfn, Helsinki, Osló og Stokkhólmi, 25. nóvember, 2006

Sýningarstjórn: Kuratorisk Aktion (Frederikke Hansen & Tone Olaf Nielsen) fyrir NIFCA, Norræna miðstöð nútímalistar

Upplýsingafulltrúi: Hamayun Latif Butt  
+45 22 54 97 27, hamayun@hamayun.cc, www.nifca.org, www.rethinking-nordic-colonialism.org

### Norrænt minnisleysi

Nýlendusaga Norðurlandanna er myrkur kapituli sem virðist hafa runnið úr minni sumra norrænu þjóðanna. Yfirgripsmikið sýningarverkefni undir yfirskriftinni **Rethinking Nordic Colonialism: A Postcolonial Exhibition Project in Five Acts** mun varpa ljósi á þetta minnistap og um leið sýna fram á að tengja megi nýlenduhyggju fyrri tíma við samtímavanda eins og hann birtist í umburðarleysi, kynþáttahyggju og þjóðernishyggju Norðurlandanna í dag. NIFCA, Norræn miðstöð nútímalistar, efnir til þessa sjónræna verkefnis, sem tengir sýningar við smíðjur, ráðstefnur, yfirheyrslur og viðburði á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Samahéruðum Finnlands. Fimmtíuogsex alþjóðlega viðurkenndir listamenn, fræðimenn, stjórnmálamenn og baráttufólk úr grasrótinni alls staðar að úr heiminum taka þátt í verkefninu, sem fer fram á tímabilinu 24. mars til 25. nóvember, 2006.

### Nýlenduhyggja

Evrópuþjóðir hafa í aldanna rás leitað nýrra yfirráðasvæða og arðrænt þau, og virt að vettugi þá staðreynd að þessi svæði voru þegar byggð. Þar sem nýlendustefnan hefur hlutast til um samfélög frumbyggja hefur gífurleg eyðilegging og kúgun orðið. Þegar evrópsk nýlenduhyggja voru í hámarki á fjórða áratugnum náðu nýlendur yfir 84% heimsins. Skoða verður nýlendusögu Norðurlandanna í samhengi við þetta, en í samræmi við ríkjandi forræðishyggju þótti réttlæt看legt að nýlenduvæða aðrar þjóðir og nema á brott meiri auð frá nýlendunum en skilað var aftur.

### Norðurlönd síðnýlendutímans

Jafnvel þótt nýlendutímabilið sé (næstum) liðið undir lok á Norðurlöndum hefur nýlenduhyggjan ekki runnið sitt skeið á enda. Segja má að á Norðurlöndum ríki ástand síðnýlenduhyggju þar sem glögg má greina leifar nýlendutímans. Í fyrrum nýlendum er að finna örvæntingu yfir því hljóta ekki áheyrn,

að mæta ekki skilningi, að njóta ekki virðingar, sem og blendnar tilfinningar til nýlenduherra fortíðarinnar. Meðal þessara fyrrverandi nýlenduherra, á hinn bóginn, er að finna rómantískar og léttvægar hugmyndir um nýlendutímabilið, s.s. eins og hugmyndina um að nýlendutímabilið hafi verið gjöf til innfæddra sem færði þeim auðlegð, þróun og kunnáttu.

### Markmið

Verkefnið *Rethinking Nordic Colonialism* beinir sjónum að nýlendufortíð Norðurlandanna í þeim tilgangi að finna rætur einhvers af því valdaójafnvægi, ójafnrétti og umburðarleysi sem mótár innviði norrænna samfélaga í dag. Að auki er það markmið verkefnisins að sýna hvernig þjóðríki síðnýlendutímans eru gróðrastíur fyrir menningarlega árekstra og skammhlaup, sem aftur á móti leiða af sér ný lífsgæði og gildismat. Oft er litið fram hjá slíkum gæðum og gildum en engu að síður veita þau þeim gildum sem fyrir eru ferskt mótvægi.

### Athyglisvert verkefni

Þetta verkefni er fyrsta tilraunin til að gera yfirgripsmikilli nýlendusögu Norðurlanda skil. Það er hið fyrsta sinnar tegundar fyrir þetta svæði og athyglisvert í framsetningu þar sem það tengir listform eins og sjónræna list og myndbandalist, kvikmyndir, gjörninga, tónlist og aðgerðalist við gagnrýni síðnýlendufræða og stjórnmalakeningar. Það tekur til allra Norðurlandanna og er byggt á óvenjulegu samstarfi mikilvægra lista- og fræðistofnana á svæðinu: Nýlistasafnsins og ReykjavíkurAkademíunnar á Íslandi; Grænlenka þjóðminjasafnsins og Æfingakennaraskóla Grænlands í Nuuk; Listasafns Færeyja og Norræna hússins í Þórshöfn; Norðurskautsmiðstöðvarinnar og Finnsku járnbrautanna í Rovaniemi í Norður Finnlandi (Sápmi).

### Norrænt boðhlaup

Verkefnið *Rethinking Nordic Colonialism* er byggt upp sem boðhlaup í fimm hlutum, þar sem fyrstu fjórir hlutarnir samanstanda af sýningu á tilteknu þema sem tengt er við smíðjur, ráðstefnur, yfirheyrslur eða gjörninga. Hver þessara hluta fer fram á þriggja vikna tímabili og skipulagið felur í sér að hver hluti skili keflinu til hins næsta. Útkoman er stöðug reynslusöfnun og stöðugt upplýsingastreymi um niðurstöður verkefnisins. Í fimmta hlutanum verða niðurstöðurnar skrásettar á DVD diska, sem koma út 25. nóvember 2006, samtímis í fjórum höfuðborgum Skandinavíu. Með þeirri útgáfu kemur boðhlaupið í mark.

### Listi yfir þátttakendur

**M. Jacqui Alexander** (starfar í Kanada), **Pia Arke** (Grænland/Danmörk), **Nadiah Bamadhaj** (Malasía/Indónesía), **Bolette Benedictsen Blaagaard** (Danmörk/Holland), **Stephanie Black** (Bandaríkin), **Randi Broberg** í samvinnu við **Tine Bryld** (Grænland/Danmörk & Danmörk), **Center for Land Use Interpretation** (Bandaríkin), **Katrine Dirckinck-Holmfeld** (Danmörk), **Godfried Donkor** (Gana/Bretland), **Anida Yoeu Esguerra** (Kambódía/Bandaríkin), **Paul Gilroy** (Bretland), **Tamar Guimarães** (Brasilía/Danmörk), **Archana Hande** (Indland), **Laila Hansen** (Grænland), **Julie Edel Hardenberg** (Grænland), **Marja Helander** (Sámi, Finnlandi), **Imani Henry** (Karabíska hafið/Bandaríkin), **Richard William Hill** (Cree, Kanada), **Geir Tore Holm** (Sámi, Noregi), **Høgni Hoydal** (Færeyjar), **Inuk Silis Høegh & Asmund Havsteen-Mikkelsen** (Grænland/Danmörk & Danmörk), **Maryam Jafri** (Pakistan/Bandaríkin/Danmörk), **Ívar Jónsson** (Ísland), **Isaac Julien** (Bretland), **Jane Jin Kaisen & Tobias Hübinette** (Suður-Kórea/Danmörk & Suður-Kórea/Svíþjóð), **Rauna Kuokkanen** (Sámi, Finnlandi/Kanada), **Moshekwa Langa** (Suður-Afríka/Holland), **Reina Lewis** (Bretland), **Mikela Lundahl** (Svíþjóð), **Aviâja Egede Lynge** (Grænland), **Kobena Mercer** (Gana/Bretland), **Kent Monkman** (Cree, Kanada), **Rannvá Holm Mortensen** (Færeyjar), **New Meaning** (Noregur), **Alanis Obomsawin** (Abenaki, Kanada), **Steve Ouditt** (Trínidad, Vestur-Índíur), **Pratibha Parmar** (Kenía/Bretland), **Humphrey Polepole** (Tansanía), **Gillo Pontecorvo** (Ítalía), **Kaisa Raitio** (Finnland), **Henriette Rasmussen** (Grænland), **Ruangrupa** (Indónesía), **Vandana Shiva** (Indland), **Katarina Pirak Sikku** (Sámi, Svíþjóð), **Paul-Anders Simma** (Sámi, Noregur/Svíþjóð/Finnland), **Slut** (Svíþjóð), **Makere Stewart-Harawira** (Waitaha, New Zealand/Kanada), **Fatimah Tuggar** (Nígíría/Bandaríkin), **200** (Færeyjar), **Ósk Vilhjálmsdóttir** (Ísland), **VISION – den om lighed** (Danmörk), **Voima** (Finnland) & **Kara Walker** (Bandaríkin).

Translated from English by The Reykjavik Academy.